



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga varðandi endurskipulagningu reksturs tungumálavars skóla- og frístundasviðs

Á 133. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 14. febrúar 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. febrúar 2018:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að rekstur tungumálavars skóla- og frístundasviðs verði sameinaður Miðju máls og læsis (MML). Tungumálaverið er nú rekið sem sjálfstæð starfseining með aðstöðu í Laugalækjarskóla. Við þetta breiðkar hlutverk MML og fagleg samlegð eykst. Starfsemin felist þá í ráðgjöf við læsi og málþroska í skóla- og frístundastarfi, þjónustu brúarsmiða en að auki kennslu og kennsluráðgjöf í norsku, sænsku og pólsku vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga í norsku og sænsku í stað- og fjarnámi. MML verði í samstarfi við Pólska skólann og samtökin Móðurmál vegna móðumálskennslu. Jafnframt er lagt til að sett verði ný gjaldskrá fyrir kennslu og kennsluráðgjöf í norsku og sænsku vegna nemenda á vegum annarra sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi skóla sem felst í að þessir aðilar greiði hærra hlutfall af núverandi raunkostnaði við þeirra nemendur. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2018.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Pírata. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Haukur Þór Haraldsson tóku sæti á fundinum undir þessum lið.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartar framtíðar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar fagna sameiningu Tungumálavars og Miðju máls og læsis (MML). Bæði Fjölmenningarstefna SFS „Heimurinn er hér“ og skýrsla starfshópsins um móðurmálskennslu undirstrika að aukinn stuðningur við móðurmál barna af erlendum uppruna styður við læsi og málþroska þeirra í heild sinni. Að færa Tungumálaverið inn í MML þýðir að starfsemi beggja stofnana eflist til muna. Gífurlegur ávinningur er af reynslu sem er til staðar í Tungumálaverinu og MML verður þar regnhlíf yfir tungumálakennslu, móðurmálskennslu og stuðningur við málþroska og læsi barna af erlendum uppruna.

Einnig ítreka fulltrúar meirihlutans í skóla- og frístundarráði Reykjavíkurborgar mikilvægi þess að efla og formgera samstarf við ríki og önnur sveitarfélög varðandi móðurmálskennslu, námskrángerð, mat á móðurmálskunnáttu nemenda og kröfur um menntun móðurmálskennara.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga varðandi endurskipulagningu reksturs tungumálavers ásamt greinargerð, dags. 12. febrúar 2018



BRÉF

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi endurskipulagningu reksturs tungumálavers

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að rekstur tungumálavers skóla- og frístundasviðs verði sameinaður Miðju máls og læsis (MML). Tungumálaverið er nú rekið sem sjálfstæð starfseining með aðstöðu í Laugalækjarskóla. Við þetta breikkar hlutverk MML og fagleg samlegð eykst. Starfsemin feli þá í ráðgjöf við læsi og málþroska í skóla- og frístundastarfi, þjónustu brúarsmiða en að auki kennslu og kennsluráðgjöf í norsku, sænsku og pólsku vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga í norsku og sænsku í stað- og fjárnámi. MML verði í samstarfi við Pólska skólann og samtökin Móðurmál vegna móðumálskennslu. Jafnframt eru lagt til að sett verði ný gjaldskrá fyrir kennslu og kennsluráðgjöf í norsku og sænsku vegna nemenda á vegum annarra sveitarfélaga og sjálfstætt starfandi skóla sem felur í að þessir aðilar greiði hærra hlutfall af núverandi raunkostnaði við þeirra nemendur.

Breytingin taki gildi 1. ágúst 2018.

Greinargerð:

Starfsemi tungumálavers byggir á þróunarverkefni Norrænu tungumálaráðgjafarinnar í samvinnu við Ísmennt og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur frá árinu 1998 en fræðsluráð Reykjavíkur samþykkti stofnun þess í maí 2001. Tungumálaverið hóf starfsemi í febrúar 2002 og hefur frá upphafi verið staðsett í Laugalækjarskóla. Skv. samþykkt fræðsluráðs frá 2001 á að fara fram í tungumálaveri m.a. þróun og framkvæmd fjarkennslu í tungumálum auk kennsluráðgjafar í norsku og sænsku. Jafnframt átti að vera þar um þróunarstarf að ræða varðandi kennsluvef til fjarkennslu til að kenna tungumál sem valgreinar í 9. og 10. bekk.

Tungumálaverið heyrir undir skólastjóra Laugalækjarskóla en deildarstjóri Tungumálaversins stýrir faglegri stjórnun. Starfsmannahald er í höndum skólastjóra Laugalækjarskóla svo og almennur rekstur. Gerð er verðskrá fyrir þjónustu og innheimt fyrir þjónustuna í samstarfi við deildarstjóra. Deildarstjóri tungumálaversins er í 80% starfi en að auki störfuðu við tungumálaverið sl. skólaár einn starfsmaður í 50% starfi grunnskólakennara og 50% starfi

kennsluráðgjafa í sænsku, annar í sama starfshlutfalli í norsku og þriðji aðilinn í 40% stöðu grunnskólakennara og 40% stöðu kennsluráðgjafa í pólsku. Að auki störfuðu á vegum tungumálaversins fjórir stundakennarar. Staðkennsla fer fram í nokkrum skólum á höfuðborgarsvæðinu sem kennarar á vegum tungumálversins sinna.

Sænska og norska eru skyldunámsgreinar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskólana en frá árinu 2009 hófst kennsla í pólsku í tungumálaverinu. Einungis hafa verið unnar í tungumálaverinu námskrár fyrir þau tungumál sem teljast skyldunámsgreinar í íslenskum skólum.

Að jafnaði hafa tæplega 400 nemendur notið þjónustu frá tungumálaverinu bæði í formi kennslu og kennsluráðgjafar. Um 48% nemenda tungumálaversins haustið 2016 voru frá öðrum sveitarfélögum en Reykjavík og 52% nemenda með lögheimili í Reykjavík. Nemendur tungumálaversins frá nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur voru tæplega 100 og nemendur af landsbyggðinni tæplega 90. Þá voru um 30% nemendahópsins sem stundaði nám í norsku, 50% sem stundaði nám í sænsku og rúm 20% sem stundaði nám í pólsku. Má ætla að þetta hlutfall gefi mynd af því hvernig nemendahópurinn skiptist milli tungumála. Þegar rýnt er í þróun nemendahópsins á tímabilinu 2014 – 2017 kemur í ljós að nemendafjöldinn í norsku stendur nokkurn veginn í stað, hlutfall nemenda í pólsku minnkar úr 31% í 22% en nemendum í sænsku fjölgar í tæp 50% nemendahópsins sem tungumálaverið þjónar.

Við skipulag kennslu í pólsku er höfð til hliðsjónar námskrá sem er gefin út af pólskum yfirvöldum og ætluð er pólskum nemendum búsettum erlendis. Einnig er stuðst við Evrópska tungumálarammann sem gefinn er út af Evrópusambandinu og Evrópuráðinu. Af þeim nemendum sem stunduðu nám í pólsku haustið 2016 voru 56 eða um 67% frá Reykjavík, 10 nemendur eða 12% frá nágrennasveitarfélögunum og 17 nemendur eða rúm 20% frá sveitarfélögum á landsbyggðinni eða utan höfuðborgarsvæðisins.

Í tungumálaveri er veitt ráðgjöf í norsku, sænsku og pólsku til skóla utan Reykjavíkur gegn greiðslu. Ráðgjöfin er fólgin í vikulegum kennsluáætlunum, aðgengi að námsefni á vef, gerð prófa og aðstoð við námsmat. Tungumálaverið hefur tekið þátt í fjölda þróunarverkefna og alþjóðlegra samstarfsverkefna og hlotið verðlaun fyrir starfsemina. Mjög metnaðarfullt starf hefur verið unnið í tungumálaverinu sem er til fyrirmyndar.

Frá og með hausti 2018 getur Laugalækjarskóli ekki hýst tungumálaverið vegna fjölgunar nemenda í skólanum.

Þau sveitafélög sem kaupa þjónustu af tungumálaverinu bera hlutfallslega lítinn kostnað eða um 11% af raunkostnaði. Hins vegar er tæpur helmingur nemenda úr öðrum sveitarfélögum. Sjálfstætt reknir grunnskólar hafa nýtt sér þjónustu tungumálavers vegna nemenda sem læra sænsku og norsku og hafa greitt fyrir það gjald með sama hætti og önnur sveitarfélög. Í núgildandi samningum Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna grunnskóla er ekki gert ráð fyrir því að umrædd þjónusta sé þeim veitt gjaldfrjáls. Gert er ráð fyrir að framangreint verði óbreytt.

Með vísan til framangreinds er brýn þörf því á að endurskoða rekstur tungumálaversins í heild sinni auk þess sem við djúpgreiningu á rekstri tungumálaversins frá vorönn 2017 kom í ljós hve

kostnaðarsamur rekstur tungumálaversins er um leið er mikilvægt að auka faglega samlegð í móðurmálskennslu og brúarsmíð.

Í tengslum við djúpgreiningu á rekstri skóla- og frístundasviðs haustið 2016 til vors 2017 var stofnaður sérstakur verkefnahópur til að rýna í starfsemi og rekstur tungumálaversins. Hópurinn fékk m.a. það verkefni að greina stjórnunaruppbyggingu, skipulag rekstur og ábyrgð á starfi versins, rýna tengsl við aðra skóla, skoða þjónustu við nemendur utan Reykjavíkur og kostnað við þá þjónustu og koma með hugmyndir að skipulagi tungumálaversins byggða á þeim upplýsingum sem hópurinn aflaði sér. Hópurinn lagði til að gjöld frá öðrum sveitarfélögum vegna þjónustu tungumálaversins yrðu hækkuð og færu í 22% af raunkostnaði en slík hækkun gæti aukið árlegar tekjur tungumálaversins um rúmar 7 millj. kr.

Verkefnahópurinn lagði einnig til eftirfarandi:

- Að starf tungumálavers sé sameinað starfsemi MML og yrði staðsett í einum grunnskóla borgarinnar þar sem yrði miðlæg þjónusta fyrir Reykjavík í heild.
- Að starfsemin yrði eftirfarandi strax á næsta skólaári:
 - Ráðgjöf við læsi og málþroska (óbreytt stöðugildi).
 - Kennsla í norsku og sænsku fyrir Reykjavík og önnur sveitarfélög í stað- og fjarnámi (óbreytt stöðugildi).
 - Brúarsmíðir (óbreytt stöðugildi).
 - Samstarf við Pólska skólann og Móðurmálsamtökin
 - Pólsku kennsla verður einungis í boði fyrir nemendur með lögheimili í Reykjavík (óbreytt stöðugildi).

Miðja máls og læsis yrði þannig regnhlíf yfir málefni tungumálakennslu, móðurmálskennslu og stuðning við málþroska og læsi. Kostnaður vegna þjónustunnar mun lækka vegna hækkunar á gjaldskrá.

Lagt er til að Miðja máls og læsis verði staðsett skólaárið 2018-2019 í Hamraskóla.

Lagt er til að sett verði ný gjaldskrá fyrir þjónustu vegna kennslu í norsku og sænsku fyrir önnur sveitarfélög og sjálfstætt rekna grunnskóla í stað og fjarnámi og hún verði eftirfarandi skólaárið 2018-2019:

- A. Kr. 99.000,- Þóknun fyrir kennslu í netnámi og staðnámi fyrir hvern nemanda.
- B. kr. 63.000,- Stofngjald fyrir hvern árgang fyrir kennsluráðgjöf við kennara og leiðbeinendur sem hafa umsjón með nemendum í 7./8. bekk.
- C. kr. 6.300,- Gjald á ári fyrir hvern nemanda hjá kennara eða leiðbeinanda skv. B lið.

A-liður er þóknun fyrir hvern nemanda sem er í staðnámi (sækir tíma í skólahúsnæði) eða fjarnámi (tengist tungumálaveri í gegnum tölvu) hjá tungumálaveri.

B-liður er grunnþóknun fyrir kennsluráðgjöf sem tungumálaver veitir kennara/leiðbeinanda sem hefur umsjón með nemendum í 7. eða 8. bekk sem eru í norsku eða sænsku námi (stað- eða fjarnámi) hjá tungumálaverinu.

C-liður er viðbótarþóknun vegna hvers nemenda sem er á vegum kennara/leiðbeinanda sem nýtur kennsluráðgjafar.

Dæmi: Þrír nemendur í 7. bekk Austurlandskóla eru í fjarnámi í norsku. Jón Jónsson kennari hefur umsjón með þessum þrem nemendum og nýtur kennsluráðgjafar. Austurlandsskóli greiðir þá $(3 \cdot 99\text{Þ}) + (63\text{Þ}) + (3 \cdot 6,3\text{Þ})$ eða samtals $297\text{Þ} + 63\text{Þ} + 18,9\text{Þ} = 378,9\text{Þ}$

Kostnaður og fjöldi nemenda – tungumálaver skóla- og fristundasviðs

Upplýsingar um kostnað:

- kostnaður fyrir hvern nemenda er 66.000 kr á ári.
- Árið 2014 greiddu önnur sveitarfélög 14% af rauntekjum, árið 2015 voru það 19% og árið 2016 var það 11%.

Nemendur í pólsku 2017 – 2018

- Það eru alls 51 barn í pólskukennslu úr 7 – 10 bekk í Reykjavík.
 - o Það eru 17 nemendur í 7. og 8. bekk sem eru í staðkennslu og 34 nemendur sem eru í 9. og 10. bekk sem fer fram í fjarkennslu.
- Staðkennsla fer fram í Breiðholtsskóla og Laugarlækjaskóla
- Það eru 24 börn í pólskukennslu í 7. – 10. bekk utan Reykjavíkur, þar af eru 6 í staðnámi sem fer fram í Lækjarskóla í Hafnarfirði.

Nemendur í norsku 2017 - 2018

- Reykjavík í 7. og 8. bekk – einungis staðnám 80 mín pr viku = 22
- Landið í 7. og 8. bekk – 15 í staðnámi og 15 í netnámi = 30
- Reykjavík í 9. og 10. bekk – einungis fjarnám = 30
- Landið í 9. og 10. bekk – einungis fjarnám = 42

Nemendur í sænsku 2017 - 2018

- Reykjavík í 7. og 8 bekk – einungis staðnám 80 mín pr viku = 43
- Landið í 7. og 8 bekk – 15 í staðnámi og 15 í netnámi = 22
- Reykjavík í 9. og 10. bekk – einungis fjarnám = 55
- Landið í 9. og 10. bekk – einungis fjarnám = 47

Fjöldi nemenda í hverju tungumáli

	<i>norska</i>	<i>pólska</i>	<i>sænska</i>	<i>Alls</i>
<i>2014 - 2015</i>	99	111	143	353
<i>2015 - 2016</i>	108	103	181	392
<i>2016 - 2017</i>	114	83	188	385

Hlutfall nemenda í hverju tungumáli

	<i>norska</i>	<i>pólska</i>	<i>sænska</i>	<i>Alls</i>
<i>2014 - 2015</i>	28%	31%	41%	353
<i>2015 - 2016</i>	28%	26%	46%	392
<i>2016 - 2017</i>	30%	22%	49%	385